



Fundargerð hreppsnefndar 21. mars 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn miðvikudaginn 21. mars 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt voru Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson.

Jafnframt var mættur Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 8. mars sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 8. mars sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 19. mars sl.
Lögð fram fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 19. mars sl.
Gerð var grein fyrir 5. tl. "Rarik, ný spennistöð" og lögð fram afstöðumynd, sem sýnir vel fyrirhugaða staðsetningu.
Fundargerðin samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 14. mars sl.
Lögð fram fundargerð fræðslunefndar
Oddviti kvaddi sér hljóðs undir 3. tl. fundargerðarinnar "Leikskólinn". Gerði hún grein fyrir málinu og lagði til að farið yrði að tillögu fræðslunefndar hvað varðaði opnunartíma leikskólans.
Var það síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

4. mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta fyrir árið 2011.
-Síðari umræða.-

Fyrri umræða ársreikninga Vopnafjarðarhrepps fór fram 8. mars sl., og voru þá til umræðu ársreikningar A- og B-hluta fyrir árið 2011, sundurliðanir ársreiknings, endurskoðunarskýrsla KPMG og greinargerð sveitarstóra með ársreikningum 2011. Á þann fund var einnig mættur löggiltur endurskoðandi KPMG, Magnús Jónsson, gerði hann grein fyrir endurskoðunarvinnu sinni, endurskoðunarskýrslu og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Öll þessi gögn eru til umfjöllunar hér í dag við síðari umræðu ársreikninga ársins 2011.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi gögnum og skýrði helstu stærðir í ársreikningum. Að öðru leyti vísaði hann til ársreikningsins, greinargerðar sinnar með reikningunum, skýringa og gagna KPMG.

Í ársreikningunum kemur fram að hagnaður samstæðunnar eftir afskriftir og fjármagnsliði er 254,7 m.kr. og þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum og gengismun þá er veltufé frá rekstri 74,4 m. kr. Að teknu tilliti til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum þá er handbært fé frá rekstri árið 2011 82,9 m.kr.

Fjárfestingarhreyfingar eru jákvæðar um 486,9 m.kr., sem stafar fyrst og fremst af því að á árinu voru seldar eignir bæði íbúðir og hlutabréf. Afborganir lána voru alls 433,2 m.kr., en samkvæmt fjárhagsáætlun þurfti einungis að greiða niður lán um 96,8 m. kr. Söluandvirði eigna var því að stærstum hluta varið til niðurgreiðslu lána, sem mun léttu sveitarfélaginu verulega róðurinn inn í framtíðina. Engin ný lán voru tekin á árinu.

Þegar tekið hefur verið tillit til annarra breytinga á skuldbindingum eru fjármögnunarhreyfingar neikvæðar um 433,2 m.kr.

Að öllu þessu töldu kemur í ljós að handbært fé hækkar um 136,6 m.kr. á árinu og var í upphafi árs 19,5 m.kr. Handbært fé í árslok 2011 er því 156,1 m.kr.

Eftir yfirferð sína lagði sveitarstjóri síðan til að ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B- hluta fyrir árið 2011 yrðu samþykktir.

Nokkrar umræður urðu um ársreikningana og önnur fyrirbyggjandi gögn, þar sem fundarmenn lýstu skoðunum sínum. Voru nefndarmenn almennt sáttir við rekstur sveitarfélagsins, tekist hafi vel að halda utan um kostnaðarliðina og að væntingar um tekjur hafi fyllilega staðist. Sveitarstjóri svaraði síðan framkomnum fyrirspurnum fundarmanna.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2011 A- og B- hluta var síðan borinn upp til samþykktar.

Samþykktur samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál Bréf Vegagerðar ríkisins frá 9. mars sl., varðandi niðurfellingu rekstrarstyrks til áætlunarflugs til Vopnafjarðar og Þórshafnar.

Lagt fram bréf Vegagerðarinnar frá 9. mars sl., þar sem tilkynnt er að flugleiðin Akureyri-Vopnafjörður-Þórshöfn verður einungis styrkt til áramótanna 2013/2014. Nordlandair hefur verið með samning um þessa flugleið.

Jafnframt lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps til Vegagerðarinnar, Innanríkisráðuneytisins og Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, frá 9. mars sl., þar sem sveitarfélagið bendir á mikilvægi þess að þessi eini almenningssamgöngumáti Vopnafirðinga verði styrktur áfram. Í bréfinu var svofelldri bókun komið á framfæri við þessa aðila:

“ Vopnafjarðarhreppur telur það fullkomlega óásættanlegt að rekstrarstyrkur vegna áætlunarflugs frá Vopnafirði og Þórshöfn sé ekki tryggður nema til næstu tveggja ára.

Fyrir íbúa þessara staða er þetta eini almenningssamgöngumátinn til og frá viðkomandi stöðum. Þessi mikilvægi samgöngumáti má ekki undir neinum kringumstæðum falla niður. Enda eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar að almenningssamgöngur séu góðar innan svæða og einnig og ekki síður til og frá höfuðborg allra landsmanna.

Vonast er til þess að yfirvöld samgöngumála tryggi fjárveitingar til þessara samgangna.”

Miklar umræður urðu um þetta mikilvæga mál á fundinum, þar sem fundarmenn lýstu áhyggjum sínum af þessari ákvörðun samgöngufirvalda.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að vinna áfram að úrlausn þessara mála.

6. mál. Bygging aðstöðuhúss fyrir vatnsveitu að Búðaröxl.

Eyjólfur Sigurðsson vék af fundi meðan á umfjöllun þessa liðar stóð.

Lagðar fram treikningar af aðstöðuhúsi fyrir vatnsveitu Vopnafirðinga. Um er að ræða steipt hús, sem á að hýsa geislatæki fyrir vatnið og lagnir, mæla og krana. Bygging þessa mannvirkis er nauðsynleg til þess að geta betur stjórnað flæði vatns inn á veitukerfið og eins að geisla það. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum sem unnin eru af Verkfræðistofu Austurlands. Lagði hann til að ráðist yrði í þessa framkvæmd sem fyrst ef veður leyfir.

Nauðsynlegt er því að kanna heppilegustu leiðir til þess að vinna framkvæmdina. Hvort bjóða eigi verkið út að hluta eða öllu leyti eða ganga til samninga við tiltekna aðila.

Sveitarstjóri óskaði heimildar til þess að leita heppilegustu leiða í þessu sambandi. Jafnframt að setja af stað nauðsynleg kaup á rörum, mælum, krönum, geislatæki og öðrum nauðsynlegum hlutum til framkvæmdarinnar.

Samþykkt að fela sveitarstjóra í samvinnu við forstöðumann áhaldahúss og Verkfræðistofu Austurlands að kaupa nauðsynlegan búnað. Jafnframt að vinna tillögu að því hvernig verkið verði unnið á hagkvæmastan hátt.

Málmeðferð þessi var samþykkt með 6 samhljóða atkvæðum

Eyjólfur Sigurðsson mætti síðan aftur á fundinn.

7. mál. Samkomulag við HB Granda um íþróttaiðkunn og aukinn opnunartíma í tækjasal íþróttahússins. Jafnframt endurnýjun tækja.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði jafnframt fram drög að samkomulagi við HB Granda um fría tíma fyrir alla íbúa Vopnafjarðarhrepps í tækjasal íþróttahússins. Í drögunum kemur fram að HB Grandi hefur óskað eftir því við Vopnafjarðarhrepp að gera samkomulag um afnot á tækjasal íþróttahúss Vopnafjarðar fyrir alla Vopnfirðinga. Hugmyndin gengur út á það að opnunartími verði lengdur nokkuð. Opnað verði kl. 06.30 og að opnun á kvöldin verði til 21.30. Opnunartími verði framkvæmdur í samráði við fulltrúa HB Granda.

Fyrir það að bjóða öllum Vopnfirðingum frítt í tækin greiði HB Grandi ákveðið mánaðargjald, sem dekkja á viðbótarkostnað við lengingu opnunartíma og áætlaða innkomu vegna tækjasalar.

Jafnframt var gerð grein fyrir fyrirhuguðum kaupum á skíðavél og þrekhljóli fyrir tækjasal íþróttahússins. Tæki þessi eru talin nauðsynleg endurnýjun til þess að upphitunarbúnaður hússins sé í góðu lagi, en mjög mikilvægt er að hita vel upp áður en lengra er gengið í æfingum á hin mismunandi tæki, sem boðið er uppá. Samkvæmt tilboði kosta tækin 1.279 þús. kr.

Fundarmenn töldu fyrirbyggjandi samkomulag við HB Granda mjög áhugavert og töldu æskilegt að ganga þetta skref til reynslu.

Jafnframt töldu fundarmenn nauðsynlegt að halda tækjabúnaði vel við og frekar nauðsynlegt að hann batni frá því sem er.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða með 7 atkvæðum að fela sveitarstjóra að undirrita fyrirbyggjandi samkomulag við HB Granda.

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd Samhljóða með 7 atkvæðum kaup á þeim tækjum, sem um er rætt.

8. mál. Vopnafjarðarskóli, búnaðarkaup, tölvur o.fl.

Lagt var fram tilboð í tölvur fyrir kennara Vopnafjarðarskóla um er að ræða 15 tölvur ásamt búnaði. Kaupvirði er tæpar 2.200 þús. kr. Miðað við 48 mánaða kaupleigusamning er mánaðargreiðsla liðlega 51 þús kr.

Jafnframt var gerð grein fyrir ósk um kaup á frysti fyrir mótuneyti skólans, sem brýnt er talið að kaupa; kostnaður hans er um 815 þús. kr. með vsk.

Gerð var grein fyrir málinu og nauðsyn þess að að halda tölvubúnaði skólans við. Ennfremur gerð grein fyrir aðstöðuleysi mótuneytis skólans til þess að geyma frystivörur sem keyptar eu í nokkru magni.

Að umræðum loknum samþykkti hreppsnefnd samhljóða með 7 atkvæðum að heimila sveitarstjóra að ganga frá samningum um kaup eða kaupleigu viðkomandi tækja þ.e. tölvubúnaðar og frystis fyrir Vopnafjarðarskóla.

9. mál. Bréf nokkurra einstaklinga frá 12. mars 2012, þar sem óskað er eftir því að malarvöllur á svæði Einherja verði lagður grasi.

Lagt fram bréf nokkurra einstaklinga frá 12. mars sl., varðandi ósk um það að malarvöllur á svæði Einherja verði lagður grasi.

Undir þessum lið var einnig lögð fram fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar frá 20. mars sl., þar sem fjallað var um erindi þessara einstaklinga. Jafnframt var kynnt bréf Ungmennafélagsins Einherja frá 16. mars sl., varðandi þetta mál ásamt fylgigögnum.

Talsverðar umræður urðu um fyrirbyggjandi gögn þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Almennt þótti fundarmönnum hugmyndin áhugaverð, enda hefur verkefni þetta borið á góma áður.

Hreppsnefnd telur verkefni þetta mjög áhugavert og að vinna þurfi að því að malarvöllurinn verði lagður grasi, sem mundi breyta til mikilla muna allri aðstöðu til iðkunnar fótbolta í sveitarfélaginu. Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir 2012 er ekki gert ráð fyrir fjármagni til framkvæmdar af þessum toga og því erfitt að fara í slíkar framkvæmdir á þessu ári. Hreppsnefnd leggur til að í samvinnu Vopnafjarðarhrepps og Einherja verði hafist handa við hönnun á verkefninu og unnin tíma-, kostnaðar - og framkvæmdaáætlun. Gögn þessi skulu vera tilbúin fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

10. mál. Urðun dýrahreja á sorphaugum Vopnafjarðar að Búðaröxl. Bréf Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits frá 15. mars sl., ásamt tölvupósti sóttvarnarlæknis.

Lagt fram bréf Matvælastofnunar til Heilbrigðiseftirlits, varðandi urðun á dýrahrejum dags. 15. mars sl. Jafnframt lagt fram bréf heilbrigðiseftirlits Austurlands til Umhverfisstofnunar, Vopnafjarðarhrepps og Matvælastofnunar frá sama degi, þar sem óskað er samþykkis Vopnafjarðarhrepps og héraðsdýralæknis, vegna tillagna um urðun á sýktu fé frá bænum Merki í Jökuldal, sem fyrirhugað er að slátra hjá Sláturfélagi Vopnafirðinga.

Í bréfi yfirdýralæknis kemur fram að á bænum Merki í Jökuldal hafi ein kind greinst með riðu. Riðan er af afbrigðinu NOR 98, sem talin er mun minna smitandi en hefðbundin riða, eða jafnvel ekki smitandi.

Nauðsynlegt er að farga um 140 kindum sem allra fyrst frá bænum.

Hreppsnefnd samþykkir að vísa erindinu til umfjöllunar í Landbúnaðarnefnd sveitarfélagsins, en telur þó miðað við álit sérfræðinga ekkert athugavert við að heimila urðunina, enda verði það gert í fullu samráði við þá sérfræðinga og stofnanir, sem um svona mál eiga að fjalla.

Sé landbúnaðarnefnd sammála þessari málsmeðferð er óskað eftir því að hún sjái til þess að farið sé eftir tilskyldum reglum og að héraðsdýralæknir hafi eftirlit með aðgerðinni.

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

11. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf Velferðarráðuneytisins, varðandi styrkbeiðni til Jónsvers.

Lagt fram til kynningar.

b) Afrit af bréfi Forsætisráðuneytisins, varðandi skála í landi Mælifells, Vopnafirði.

Lagt fram til ynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17.25